

Mál nr. 53/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Þjónusta.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 21. febrúar 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 1. apríl 2022 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 6. apríl 2022 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að aðfaranótt mánudagsins 7. febrúar 2022 hafi verið í gildi rauð veðurviðvörðun fyrir höfuðborgarsvæðið. Nágranni M, A, hafi verið með gám á leigu frá X, sem X hafi staðsett á bifreiðastæði A. Þessa nótt hafi gámurinn tekist á loft vegna veðurs og hafnað á bifreið í eigu M sem hafi þá runnið á aðra bifreið í hans eigu en bifreiðarnar hafi báðar verið staðsettar á bifreiðastæði hans. Nokkuð tjón varð á bifreiðunum. Lögregla var kölluð til vegna atviksins og liggur lögregluskýrsla, dags. 7. febrúar 2022, fyrir nefndinni. Í málskoti kemur fram að A hafi verið búin að tæma gáminn og hafi hún, síðdegis föstudaginn 4. febrúar, haft samband við X og beðið um að hann yrði fjarlægður. M telur að X beri ábyrgð á tjóni hans enda telur hann að það verði metið X til gáleysis að hafa látið tóman gám standa í miðju íbúðahverfi við þær veðuraðstæður sem voru fyrir séðar. Beiðni um að fjarlægja gáminn hefði verið send milli klukkan 15 og 16 á föstudeginum og hefði X hæglega getað brugðist við þeirri beiðni áður en óveðrið skall á. A hefði ekki átt þess kost að fjarlægja gáminn og ekki sé sanngjarnt að M beri tjón af því að gámur sem ekki sé á hans vegum eða ábyrgð valdi tjóni á bifreiðum hans.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að samkvæmt frásögn X hafi ekki náðst að sækja gáminn fyrir helgina þar eð beiðni um það hafi borist skömmu fyrir lokun á föstudegi. Það sé skilyrði bótaskyldu að tjón M verði rakið til saknæmrar háttsemi X. Ekki sé sýnt fram á að það skilyrði sé uppfyllt heldur sé tjón M að rekja til óviðráðanlegra ytri aðstæðna og/eða óhappatilviljunar sem X beri ekki sakarábyrgð á. Umræddur gámur sé 2,3 tonn að þyngd og ekki verði litið svo á að það stafi sérstök tjónshætta af því að slíkir gámar standi úti, jafnvel þó þeir séu tómir en öll framkvæmd verksins af hálfu X hafi verið með eðlilegum og hefðbundnum hætti. Þá hafi ekki verið sýnt fram á að X eða starfsmenn þess hafi haft um það vitneskju á föstudeginum að óveður mundi skella á aðfaranótt mánudagsins 7. febrúar, enda hafi rauð viðvörðun ekki verið gefin út fyrr en á sunnudeginum. Jafnvel þó það yrði talið til gáleysis að geyma gáminn utandyra sé því ljóst að starfsmenn X hefðu ekki haft ráðrúm til að bregðast við.

Í viðbótarathugasemdum M er m.a. bent á að frétt um að búist væri við miklu illviðri á aðfaranótt mánudagsins hefði birst á heimasíðu Ríkisútvarpsins kl. 16:34 á föstudeginum, og að veðurspá á föstudagskvöldið hefði einnig gefið það skýrlega til kynna.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Í þessu máli ber því M sönnunarbyrði fyrir því að tjón á bifreiðum hans verði rakið til saknæmra og ólögðmætra athafna eða athafnaleysis X, starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X ber ábyrgð á. Óumdeilt er að gámur í eigu X fauk á bifreið í eigu M aðfaranótt mánudagsins 7. febrúar 2022 þegar í gildi var rauð veðurviðvörðun fyrir höfuðborgarsvæðið. Jafnframt er óumdeilt að umræddur gámur var í vörslu A, nágranna M, sem sendi X tilkynningu þess efnis að hún hefði lokið tæmingu gámsins seinnipart föstudagsins 4. febrúar 2022. Þá liggur fyrir að eigin þyngd umrædds gáms var 2,33 tonn. Ekki er sýnt fram á að búnaði, staðsetningu eða frágangi gámsins hafi verið ábótavant af hálfu X. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður ekki talið að augljós tjónshætta hafi staðið af gámnum þar sem hann var staðsettur þannig að það verði metið starfsmönnum X til gáleysis að hafa ekki sótt hann strax og tilkynning barst frá A um að hann hefði verið tæmdur en samkvæmt framansögðu barst slík tilkynning ekki fyrr en undir lok hefðbundins vinnudags. Hefur M þar af leiðandi ekki tekist að sýna fram á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 3. maí 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir